

## Af hverju tilbiðja kaþólskir Maríu Mey?

Kaþólskir tilbiðja ekki Maríu Mey, heldur tigna hana sem móður Guðs, Sonarins Jesú Krists. Að tigna og að tilbiðja eru tvö ólík hugtök sem markast af því sem þau vísa til. Að tilbiðja vísar til Guðs almáttugs Skapara himins og jarðar, að tilbiðja mannveru væri því brot á fyrsta boðorðinu „Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig.“ Að tigna er að heiðra manneskju, sem á ekkert skylt við þá tilbeiðslu sem helguð er Guði einum, Skapara okkar. Kaþólskir trúa því að María sé sérsköpun Guðs – „full náðar,” eins og hún er tilnefnd í Heilagri ritningu, þ.e. án syndar, enda bíður hennar hið stórfenglega hlutverk að fæða af sér, Son Guðs, fyrir tilstilli Heilags Anda. Líkt og aðrir menn skapaðir af Guði var María undirorpin náð Guðs eins og segir í Heilagri ritningu: „Önd mín miklar Drottin, og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum.“ (Lk 1:47) Náð Drottins firrti Maríu allri erfðasynd strax í móðurkviði og bjó hana þannig undir hið stórkostlega hlutverk að gerast móðir Guðs. Sú staðreynd að Guð íklæddist holdi manna (Jh 1:1, 14) gefur til kynna að Guð ætlar mönnum að samverka með Syni sínum, Jesú Kristi, og stefna þannig að sáluhjálpi í „ugg og ótta“ eins og Páll postuli áréttar. Í þessu ferli öllu, sem hefst með fæðingu Frelsarans, gegnir María lykilhlutverki, þessvegna tigna kaþólskir Maríu Mey. María var Mey allt til dauða. Engir jarðarbúar geta státað af að vera afkomendur Heilagrar Guðsmóður, því Jesús átti hvorki systur né bræður. Bræður og systur Jesú Krists, sem vitnað er til í Biblíunni, voru ýmist trússystkini í Kristi eða blóðskyldmenni, en á þeim tíma tíðkaðist að kalla alla bræður og systur sem voru blóðskyld eins og hefð er enn fyrir meðal ættbálka í Afríku. (Skilgreining Jesú Krists á hugtakinu bróðir: „Móðir mín og bræður eru þeir, sem heyra Guðs orð og breyta eftir því.“ Lk 8:21)

Eftirfarandi bæn er dæmi um árnaðarbæn til heilagrar Guðsmóður, sem Guð gerði árvaka fyrir orði sínu og trúfasta þernu. Í ljósi þess trausts sem Guð auðsýndi Maríu Mey biðja kaþólskir um fyrirbæn hennar á himnum, svo þeim megi einnig auðnast að gerast trúfastir þjónar og lærisveinar Sonar hennar.

Ó sigursæla Drottning! Þú sem nýtur svo öflugrar meðalgöngu hjá hinum guðdómlega Syni þínum við að sigrast jafnvel á hinum forhertustu hjörtum, ég bið þig allra náðarsamlegast að gerast árnaðarmaður þeirra sem ég nú bið fyrir.....að hjörtu þeirra, milduð af geislum hinnar guðdómlegu náðar, megi öðlast hlutdeild í einingu hinnar sönnu kaþólsku trúar og endurleysandi þekkingu á Syni þínum, Frelsara okkar, Jesú Kristi. Amen

-----

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn